

gerðum á skipinu. Vegna annríkis Gísla um þessar mundir annaðist fulltrúi hans, Erlingur Þorkelsson, eftirlitið um viðgerð þá, er hér ræðir. Báðir hafa menn þessir komið fyrir bæjarþingið og lýst starfi þessu svo, að þeir meti til fjár viðgerð þá, sem fram hefur farið, og beri saman mat sitt og reikninginn um viðgerðarkostnaðinn. Sé ekki verulegur munur, áriti þeir reikninginn, en reikningur sá, er hér skiptir máli, ber áritun fulltrúans. Verður ekki annað ráðið af því, er fram hefur komið í máli þessu, en að áritun þessi hafi verið á reikningnum, er hann var sýndur stefndum.

Þykir þetta hvort tveggja, hinar fyrirvaralausú greiðslur stefndra upp í skuld sína við stefnanda og aðgerðarleysi þeirra um mótmæli og mat eftirlitsmanns þeirra á kostnaðinum af viðgerðinni, valda því, að þeir geti ekki nú borið fyrir sig frágang reikningsins, og verða kröfur stefnanda því teknar til greina, en málskostnaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 700.00.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, hefur kveðið upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefndir, Tómas Jónsson og Þorsteinn Sigurðsson, greiði stefnanda, Vélsmiðjunni Keili h/f, kr. 7286.79 með 5% ársvöxtum frá 1. janúar 1943 til greiðsludags og kr. 700.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. október 1944.

Nr. 102/1943. **Borghildur Brynjólfsdóttir**

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

Huga Vigfússyni (Egill Sigurgeirsson).

Ómerking héraðsdóms og heimvísun málsins.

Dómur hæstaréttar.

Með mál þetta fór í héraði fulltrúi lögmanns Bjarni Bjarnason og settur lögmaður Kristján Kristjánsson, og hefur hinn síðarnefndi kveðið upp héraðsdóminn.

Áfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 16. nóv. 1943 skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 22. sama mánaðar.

Áfrýjandi máls þessa kom sjálf fyrir dóm í héraði og naut þar ekki aðstoðar lögfróðs málflytjanda. Bar því héraðsdómara að leiðbeina henni um kröfugerð, þar á meðal benda henni á að gera kröfu til málskostnaðar, svo og vísa henni til vegar um varnarástæður sbr. 114. gr. laga nr. 85/1936. Þá var og dómara, eins og á stóð, skylt samkvæmt sömu grein að veita aðiljum kost á að gefa skýrslu fyrir dómi. Enn er það andstætt téðum lögum, að dómari hefur veitt aðiljum fresti á vixl og ekki tekið ákvörðun um, hvort mál skyldi flutt munnlega eða skriflega á réttu stigi málsins, sbr. 109. og 110. gr. Loks hefur láðst að greina nöfn aðilja í forsendum héraðsdóms.

Verður af framangreindum ástæðum að ómerkja málsmeðferðina frá þingfestingu og héraðsdóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Meðferð máls þessa í héraði frá þingfestingu og hinu áfrýjaði dómur eiga að vera ómerk, og vísast málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Málskostnaður fyrir hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. júlí 1943.

Er mál þetta kom fyrir rétt hinn 24. f. m., sótti stefnd ekki þing og enginn af hennar hálfu, en hún hafði málsskjöl að láni. Lét þá umboðsmaður stefnanda bóka dómkröfur sínar á þá leið, að hann krefðist þess, að stefnd yrði dæmd til að skila stefnanda aftur úri, hring og myndavél, svo og dæmd til að greiða honum kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 30. apríl 1943 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, og var málið þá dómtekið.

Stefnda hefur, eins og fyrr er sagt, sótt þing, en ekki verður séð, að hún hafi hreyft andmælum við kröfum stefnanda, og verða þær því allar teknar til greina.

Málskostnaður ákveðst kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Borghildur Brynjólfsdóttir, er skyld að skila stefnanda, Huga Vigfússyni, framangreindum munum. Þá greiði stefnd og stefnanda kr. 1500.00 með 5% ársvöxtum frá 30. apríl 1943 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 18. október 1944.

Nr. 55/1944. **Ásgeir Ólafsson** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn

Magnúsi Thorlacius (Sjálfur).

Staðfestur úrskurður fógetaréttar um framkvæmd fjárnáms.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Unnsteinn Beck, fulltrúi borgarfógeta Reykjavíkur.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til hæstaréttar með stefnu 26. apríl s. l., krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir fógetarétti og hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til ákvæða 1. mgr. 185. gr. laga nr. 85/1936 og að öðru leyti samkvæmt forsendum fógetaúrskurðarins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir hæstarétti, og ákveðst hann kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði úrskurður skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásgeir Ólafsson, greiði stefnda, Magnúsi Thorlacius, kr. 600.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.